

Ed.

308. Nefndarálit

[197. mál]

um frv. til l. um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fimm fundum í tengslum við frv. um breyt. á lögum um söluskatt og frv. um breyting á tollalögum eins og gerð er grein fyrir í nefndaráliti meiri hl. með síðastnefnda frumvarpinu.

Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingartillagan er tvíþætt:

Annars vegar er horfið frá álagningu vörugjalds á tiltekna vöruflokka sem kalla mætti „ferðamannavörur“ eða „smyglgjarnar“ vörur. Þetta eru vörur sem Íslendingar kaupa gjarnan á ferðalögum erlendis frekar en hér heima. Af einstökum vöruflokkum má nefna sjónauka, rakvélar, hárburrkur, ryksugur, hljóðnema o.fl.

Með þessari breytingu, sem helst í hendur við hliðstæða breytingu á tollmeðferð, er stuðlað að því að verslunin færist í auknum mæli inn í landið. Með þessu kæmu auknar söluskattstekjur á móti hugsanlegu tolltekjutapi ríkissjóðs. Það skal áréttað að með þessari breytingu er aðeins stigið fyrsta skrefið en ekki er ráðlegt að ganga lengra að sinni.

Hin breytingin er sú að horfið er frá álagningu vörugjalds á kökur. Fyrir þessari breytingu eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi veldur álagning vörugjalds á innlenda kökuframleiðslu erfiðleikum í innheimtu þar sem t.d. brauðvörur eru undanþegnar gjaldinu. Hér kæmu því upp margvísleg tafsöm álitamál. Í öðru lagi er sýnt að eftirlit með framkvæmdinni yrði mjög erfitt þar sem gjaldendur eru mjög margir.

Á minnisblaði frá Landssambandi iðnaðarmanna eru ábendingar um vörugjald á aðföng til málmíðnaðar og hefur borist svar frá fjármálaráðuneyti varðandi það erindi. Meiri hl. nefndarinnar þykir rétt að láta hvort tveggja fylgja sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Alþingi, 16. des. 1987.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal I.

Landssamband iðnaðarmanna:

Minnisblað um vörugjald í málmíðnaði.

1. Vöruliðnum 8481 er ætlað að bera 14% vörugjald en er nú án vörugjalds til samkeppniðnaðar. Undir þennan vörulið falla:

8481 Kranar, hanar, lokar og áþekk tæki fyrir pípur, katla, tanka, ker eða þess háttar, þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lokar:

1000 – Þrýstiléttar	0
2000 – Lokar fyrir olíuvökva- eða loftskiptingar	0
3000 – Eftirlitsventlar	0
4000 – Öryggis- eða léttilokar	0
8000 – Önnur tæki	0
9000 – Hlutar	0

Þessa hluti hefur innlendir iðnaður notað í vélar, tæki og kerfi fyrir fiskiðnaðinn og annan matvælaíðnað. Þetta eru tilbúnir hlutir (fullunnir), sem mynda hluta tækjanna (en taka ekki umbreytingum sem slíkir) og eru dýrir í innkaupum. 14% vörugjald vegur nokkuð þungt þar sem þessir hlutir eru stór hluti endanlegs framleiðsluverðs. Séu fullbúin tæki, vélar eða kerfi með þessum hlutum flutt inn verða þau án vörugjalds. Hér er því um neikvæð samkeppnisáhrif fyrir innlenda framleiðendur og afturför frá núverandi ástandi að ræða.

2. Nú er ráðgert að setja í tollnúmer 7314.5000 (– Möskvateygður málmur) grindarefni, sem notað er í þrep í stigum og klæðningu á stigapalla í vélarrúmum og á öðrum stöðum í skipum, innan í veltitanka o.s.frv. Þetta er unnið úr málmplötu með því að höggva í hana og teygja svo á henni og fá þannig fram grindarefni. Þetta er hráefni til iðnaðarframleiðslu sem áður var tollflokkad í 7328 og naut niðurfellingar aðflutningsgjalda. Nú á að flokka það með girðingarefni og setja á það 14% vörugjald. Lausnin gæti annaðhvort verið fólgin í því að setja þykktarmörk í þennan flokk (2 mm) þannig að aðeins þynnsta efnið fái vörugjaldið eða setja þessar plötur í sérstakan tollflokk eins og áður var.

Fylgiskjal II.

Aðföng til málmíðnaðar.

(Sbr. erindi Landssambands iðnaðarmanna.)

Í frumvarpi til tollalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að flest aðföng iðnaðarins, hvort sem um er að ræða vélar og tæki eða hráefni, verði undanþegin aðflutningsgjöldum, bæði tollum og vörugjaldi. Verður að telja að nokkuð vel hafi til tekist í þá átt þannig að uppsöfnun gjalda verði mjög óveruleg í framleiðslugreinunum.

Í einstaka atriðum hefur þó ekki verið unnt að fylgja ofangreindu sjónarmiði vegna þess að um er að ræða vörur sem bæði eru til iðnaðarnota og almennra nota. Í þeim tilvikum hefur því verið farið sú leið að halda tollum og eftir atvikum vörugjaldi á þeim vörum. Í því dæmi sem Landssamband iðnaðarmanna hefur bent á er lagt vörugjald á krana og hana.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hreinlætistöki til heimilisnota verði vörugjaldsskyld, bæði baðker, vaskar o.s.frv. og einnig blöndunartæki, kranar og þess háttar. Vegna þessa er lagt til að vörugjald verði lagt á vörur sem flokkast í tnr. 8481.

Í tollalögum er heimild fyrir fjármálaráðherra til að fella niður aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðarframleiðslu og hefur sú heimild jafnan verið notuð til að ekki verði um uppsöfnun gjalda að ræða í iðnaðinum. Gert er ráð fyrir að þessi heimild verði notuð í framtíðinni svo sem endranær þannig að aðflutningsgjöld og söluskattur verða felld niður af öllum aðföngum iðnaðarins þegar við tollafgreiðslu þeirra og verður því ekki um uppsöfnun að ræða. Telja verður að það leysi vanda iðnaðarins.

Virðingarfyllst,
Guðrún Ásta Sigurðardóttir,
fjármálaráðuneyti.